

M-3/2018. Álit 7. júní 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-3/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. janúar 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á rúmdýnu af versluninni Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að dýnan sé haldin galla og krefst þess að seljandi afhendi sér nýja dýnu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 16. janúar 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust nefndinni 31. janúar 2018. Hinn 1. febrúar voru andsvörin send til álitsbeiðanda og honum bent á heimild sína til að hafa uppi athugasemdir vegna andsvaranna innan tveggja vikna. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild og ekki bárust frekari athugasemdir til nefndarinnar. Með bréfi, dags. 1. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á Z rúmdýnu af seljanda þann 8. ágúst árið 2014 fyrir 276.720 krónur. Árið 2017 fór álitsbeiðandi að finna fyrir sigi í dýnunni og segir álitsbeiðandi að greinilegur munur finnist á dýnunni þegar farið sé í miðju hennar frá þeim stað sem oftast er legið á.

Álitsbeiðandi hafði því samband við seljanda sem sagði honum að mæla dýnuna með réttsskeið og að ef sigið væri meira en 2 cm þá væri dýnan í ábyrgð vegna galla samkvæmt skilmálum framleiðanda. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa tjáð seljanda að þar sem um Tempur dýnu væri að ræða þá fari dýnan alltaf upp aftur þegar staðið er upp af henni, og því sé ekki unnt að mæla sigið. Í kjölfarið voru tveir starfsmenn seljanda sendir til álitsbeiðanda til að skoða dýnuna og sögðu þeir báðir að sögn álitsbeiðanda að dýnan væri greinilega mikið mýkri þar sem legið er heldur en í miðjunni. Þrátt fyrir það segir álitsbeiðandi að seljandi hafi neitað að bæta honum dýnuna þar sem ekki sé unnt að mæla 2 cm sig í henni, en slíkt skilyrði er sett fyrir ábyrgð í skilmálum framleiðanda.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi afhendi honum nýja rúmdýnu.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum segir seljandi að Z dýnan sé mýksta gerðin af Z dýnu og það sé eðlilegt að dýnur sem gerðar eru úr svampi mýkist við notkun. Því verði svæðin sem mest eru notuð mýkri en önnur svæði. Seljandi kveðst aldrei hafa séð eða selt slíka dýnu sem mýkist ekki á þeim svæðum sem mest er sofið á.

Þá segir seljandi að galli teljist vera í dýnunni ef hún er sigin sem um nemur 2 cm eða meira, en minni þjöppun en það í dýnunni teljist fullkomlega eðlileg og náttúruleg þróun á dýnunni. Seljandi segir það vera mjög greinilegt þegar galli komi fyrir í slíkri dýnu því þá virki Tempur efnið ekki sem skildi, sig komi í dýnuna og efnið gangi ekki upp aftur.

V

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi rúmdýnu af gerðinni Z af seljanda þann 8. ágúst árið 2014 fyrir 276.720 krónur. Um það bil þremur árum síðar fór álitsbeiðandi að finna fyrir sigi í dýnunni. Dýnan verður mjög mjúk á því svæði sem mest er legið á og er að sögn álitsbeiðanda greinilegur munur á dýnunni þegar hann færir sig yfir í miðjuna frá mjúka svæðinu. Álitsbeiðandi telur að dýnan sé haldin galla en seljandi hefur hafnað því þar sem ekki sé unnt að mæla tveggja cm sig í dýnunni.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.). Í 15. gr. segir m.a. að söluhlutur skuli fullnægja þeim kröfum sem leiða af samningi aðila hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Í b-lið 2. mgr. ákvæðisins kemur fram að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem neytandi mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Þá hljómar ákvæði 16. gr. svo:

„16. gr. Gallar.

Söluhlutur telst vera gallaður ef:

a. hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.;

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

d. nauðsynlegar upplýsingar um uppsetningu, samsetningu, notkun, umönnun og geymslu fylgja ekki söluhlut.

Regla c-liðar 1. mgr. gildir með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Neytandi getur ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Neytandi getur ekki borið fyrir sig galla ef orsök gallans má rekja til efniviðar sem neytandinn hefur sjálfur lagt til. Þetta gildir þó ekki ef seljandinn hefði átt að ráða neytanda frá notkun efnisins vegna óhentugra eiginleika þess“

Þegar metið er hvaða eiginleika neytandi mátti vænta að söluhlutur hefði er litið til samnings aðila, verðs hlutarins og þeirra upplýsinga sem gefnar voru við kaupin, en ekki er litið til væntinga einstakra neytenda til hlutarins. Í b-lið 1. mgr. 16. gr. nkpl. felst að seljanda ber að gefa neytanda allar upplýsingar um galla eða óheppilega eiginleika söluhlutar sem máli skipta áður en kaup eiga sér stað svo neytandi geti tekið upplýsta ákvörðun um kaupin. Ef seljandi hefur ekki sinnt því hlutverki og vanræksla á upplýsingaskyldu hefur haft áhrif á að kaupin voru gerð getur söluhlutur talist gallaður í skilningi ákvæðisins.

Líta verður svo á að þegar fest eru kaup á rúmdýnu fyrir umtalsverðar fjárhæðir eigi neytandi að geta vænst þess að dýnan muni endast í langan tíma ef vel er farið með hana og

virðast aðilar málsins sammála um það. Aðilar þessa máls eru þó ekki sammála um hvort sigið í dýnu álitsbeiðanda sé eðlilegt eða teljist galli í skilningi neytendakaupalaga.

Seljandi byggir á því að þar sem skilmálar framleiðanda mæli fyrir um að sig þurfi að vera mælanlegt um 2 cm þá geti minna sig en það ekki talist galli. Í því sambandi vill kærunefndin benda á að þrátt fyrir skilmála framleiðanda þá gilda um kaupin íslensk lög um neytendakaup nr. 48/2003 og ber við mat á galla að líta til ákvæða þeirra laga en ekki skilmála framleiðanda. Eðlilegt er hins vegar að seljandi noti ákveðin viðmið til að meta hvort um galla sé að ræða fyrir söluhluti af ákveðinni tegund en seljanda ber engu að síður að fylgja ákvæðum neytendakaupalaga og meta í hvert skipti fyrir sig hvort um galla sé að ræða samkvæmt ákvæðum laganna.

Kærunefndin fellst á skýringar seljanda um að eðlilegt sé fyrir svampdýnur að mýkjast nokkuð við notkun líkt og í tilfelli álitsbeiðanda. Eðlilegt hefði verið fyrir seljanda að upplýsa álitsbeiðanda við kaupin um það að þessi tiltekna tegund rúmdýnu muni mýkjast að miklu leyti við notkun en ekki er hins vegar unnt að fallast á að rúmdýnan sé haldin galla í skilningi neytendakaupalaga vegna skorts á þeim upplýsingum. Þar sem ekkert sig er sjáanlegt og sigið virðist aðeins lýsa sér þannig að rúmdýnan er mýkri á þeim stað þar sem oftast er legið, getur kærunefndin ekki fallist á að um galla sé að ræða.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson